


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Stærðfræði 313 (STÆ313)	Kennsluáætlun haustönn 2011

Kennarar:	Hermann Jón Tómasson Páll Hlöðvesson	Sk.stöfun:	HTÓ PHL
------------------	---	-------------------	--------------------------

Undanfari: STÆ102

Áfangalýsing:

Fjallað er um töluleg gögn og myndræna framsetningu á þeim með myndritum, einkennistölur fyrir gagnasöfn og dreifingu og undirstöðuatriði líkindareiknings á endanlegu útkomurúmi, þar á meðal frumatriði talningarfræði. Farið er í normalkúrfu, fylgni og úrtaksfræði. Verkefni eru unnin með aðstoð reiknitækja og a.m.k. eitt verkefni er unnið í samvinnu nokkurra nemenda.

Áfangamarkmið:


Að kenna nemendum nokkrar þær aðferðir sem notaðar eru í tölfræði til þess að lýsa talnasafni og gera þá færari um að túlka tölfræðilegar upplýsingar. Í þessum tilgangi verður fjallað um tíðnitöflur, myndræna framsetningu upplýsinga, mælingar á miðsækni, dreifingu og fylgni. Auk þess verður nemandanum kynnt undirstöðuatriði í líkindareikningi og notkun tvíliðadreifingar og normaldreifingar við lausn líkindadæma. Loks verður lítillega fjallað um úrtaksfræði og notkun úrtaksdreifingar.

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Jón Þorvarðarson: Tölfræði, 4. útgáfa (1991) eða nýrri

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf	70%
Tíma- og heimaverkefni	Meðaltal fimm bestu verkefna af sex.	30%
Annað	Nemandi þarf að ná 40% árangri á lokaprófi til að annareinkunn reiknist með til hækkunar	

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Stærðfræði 313 (STÆ313) Kennsluáætlun haustönn 2011	

Kennslulýsing:

Kennt verður með fyrirlestrum, sýnidæmum og dæmatímum. Höfuðáhersla verður lögð á að nemendur séu færir um að velja og beita þeim aðferðum sem kenndar eru. Jafnframt verður lögð áhersla á að nemendur viti hvernig hægt er að nota reiknivélar og einföld tölvuforrit til þess að leysa tölfræðidæmi.

Áætlun um yfirferð og verkefni:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
34. vika	Tíðnidreifing	
35. vika	Myndræn framsetning upplýsinga	
36. vika	Miðsækni og dreifing	
37. vika	Miðsækni og dreifing	Heimadæmi 1
38. vika	Líkindareikningur	Tímadæmi 1
39. vika	Líkindareikningur	
40. vika	Líkindareikningur	
41. vika	Líkindareikningur	Heimadæmi 2
42. vika	Tvíliðadreifing - Normaldreifing	Tímadæmi 2
43. vika	Tvíliðadreifing - Normaldreifing	
44. vika	Úrtaksfræði	
45. vika	Úrtaksfræði	Heimadæmi 3
46. vika	Fylgnireikningur	Tímadæmi 3
47. vika	Fylgnireikningur	
48. vika	Upprifjun og samantekt	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Dagsetning: 19.08.2011

Undirritun kennara

Undirritun fagstjóra